

AUGLÝSING

um framlengingu reglugerðar um fasteignaskatt í Reykjavík, nr. 117
22. nóvember 1938.

Reglugerð um fasteignaskatt í Reykjavík, nr. 117 22. nóvember 1938, framlengist til þess að gilda áfram um næstu fimm ár frá og með 1. janúar 1944 að telja.

Ákvörðun þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Námssjóð Thors Jensen“, útgefin á **209**
venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. nóvember 1943. **22. nóv.**
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð Thors Jensen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Námssjóður Thors Jensen.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, sem stofnað var 1891, og er sjóðurinn afhentur félaginu með gjafabréfi Thors Jensen, dags. 17. september 1943, og er að upphæð 50000 krónur.

Sjóðurinn tekur nú þegar til starfa.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilegt verzlunarfólk, menn eða konur, til náms í verzlunarfræðum hér á landi eða erlendis.

Félagar í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur hafa forgangsrétt til styrks, en meðal félagsmanna skulu þeir að öðru jöfnu ganga fyrir, sem lokið hafa burtfararprófi úr Verzlunarskóla Íslands.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af fimm manna stjórnarnefnd. Gefandi sjóðsins, Thor Jensen, tilnefnir einn mann í hina fyrstu stjórn, og skal sá vera formaður hennar.

Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur kys þrjá menn og stjórn Verzlunaráðs Íslands einn, og skipta þeir með sér verkum með þeirri takmörkun, sem á undan getur, að gefandi sjóðsins tilnefnir formann stjórnarnefndarinnar.

Þessir fyrstu stjórnendur sjóðsins skulu allir í sameiningu velja fimm varamenn, og sé tilekið hver er varamaður hvers hinna fyrstu stjórnenda.